

Eystrahorn

5. tbl. 38. árgangur

Fimmtudagurinn 6. febrúar 2020

www.eystrahorn.is

Uppbyggingarsjóður Suðurlands

Opnað hefur verið fyrir umsóknir í fyrri úthlutun Uppbyggingarsjóðs Suðurlands árið 2020. Sjóðurinn hefur það hlutverk að veita verkefnastyrki á sviði nýsköpunar og menningar á Suðurlandi.

Styrkveitingar skiptast í tvo flokka, annars vegar atvinnu og nýsköpun og hins vegar menningu. Í flokki atvinnu og nýsköpunar eru það atvinnuskapandi og/ eða framleiðniaukandi verkefni sem eiga kost á stuðningi ásamt nýsköpunarverkefnum sem efla fjölbreytileika atvinnulífs. Í flokki menningar er markmiðið að verkefni efla menningarstarfsemi og listsköpun á Suðurlandi.

Uppbyggingarsjóður Suðurlands byggir á Sóknaárætlun Suðurlands 2020-2024 sem tók gildi um síðustu áramót. Umsækjendum er því bent á að kynna sér markmið og nýjar áherslur sjóðsins sem má finna á vef SASS.

Mikilvægt er að kynna sér þetta ásamt úthlutunarreglum og matsþáttum sjóðsins.

Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt í gegnum vefinn www.sass.is. Umsækjandi þarf að skrá sig inn á umsóknarformið með íslykli eða með rafrænum skilríkjum. Ef sótt er um í nafni lögaðila s.s. fyrirtækis, stofnunar eða félagsamtaka þarf viðkomandi lögaðili að skrá sig inn með íslykli eða rafrænum skilríkjum þess lögaðila en ekki einkaáðgangi verkefnastjóra. Ef umsóknin uppfyllir ekki þessi skilyrði, má búast við að hún verði ekki tekin til yfirferðar. Bendum við á að allir lögaðilar geta með einföldum hætti sótt um íslykil og rafræn skilríki.

Umsækjendur eru hvattir til að hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð og leiðbeiningar við gerð umsókna. Hægt er að fá upplýsingar um ráðgjöfina á vefsíðu SASS, einnig má hafa samband í síma 480 8200



eða með því að senda fyrirspurn á netfangið styrkir@sudurland.is.

Umsóknir skulu berast fyrir kl. 16.00 þann 3. mars 2020

Stjórnmalafundur í Nýheimum




Þriðjudaginn 11. febrúar komu góðir gestir til Hafnar og héldu opinn morgunverðarfund í Nýheimum. Þetta voru ráðherrarnir Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra og Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisráðherra Vinstri grænna. Með þeim í för voru þingmennirnir Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir, Steinunn Þóra Árnadóttir og Ari Trausti Guðmundsson ásamt góðu fylgdarliði.

Fundarefnið í Nýheimum var fjölbreytt stjórnmalumræða samtímans. Það sem helst bar á góma var umræða um stjórnarskrá, heilbrigðismál og hjúkrun, hugmyndir um Hálandisþjóðgarð og uppbygging innviða í Vatnajökulsþjóðgarði og einkum við Jökulsárlón. Snörp umræða var um nýjarétt heimamanna innan þjóðgarðs, samgöngumál og úrgangsmál.

Fundurinn var vel sóttur og heimafólk spurði margra spurninga sem ráðamenn svöruðu eftir bestu getu. Þingmenn heimsóttu að lokum Hjúkrunarheimilið Skjólgarð áður en haldið var austur á Djúpavog.

Vetrarfrí fjölskyldunnar á Suðurlandi



Grímsnes. Mynd: Páll Jökull Pétursson

Hefur fjölskyldan farið saman í íshelli, séð bráðið rauðglóandi hraun eða borðað í gróðurhúsi?

Vetrarfrí grunnskólanna eru á næsta leiti og á Suðurlandi má finna fjölbreytta skemmtun og upplifun fyrir alla fjölskylduna. Ferðabjónustuaðilar verða með ýmis tilboð með sérstakri áherslu á fjölskylduna meðan á vetrarfríum stendur, 15. – 25. feb og 28. feb - 8.mars.

Með því að ferðast um heimabyggð styrkjum við þjónustu og afþreyingu sem er í boði á okkar svæði og stuðlum að því að sú þjónusta verði áfram í boði bæði fyrir heimamenn og gesti. Ein af jákvæðu áhrifum ferðabjónustunnar er fjölbreytileiki veitingastaða, afþreyingar og gistingar. Með tilkomu ferðamanna til landsins er orðin möguleiki fyrir fyrirtæki að reka þessa þjónustu allt árið um kring og heimamenn njóta síðan góðs af. Því er kjörið tækifæri að nýta sér þjónustuna í vetrarfríum og njóta upplifunar í heimabyggð.

Hægt er að nálgast blaðið og allar greinar sem birtast í blaðinu ásamt eldri blöðum á www.eystrahorn.is



HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 16. febrúar

Lesmessa kl. 11:00

Kaffisopi í safnaðarheimili

að messu lokinni.

Allir velkomnir.

FÓTA AÐGERÐIR

Verð í **EKRU** dagana

24., 25., og 26. febrúar

Pantanir í síma 8 200 593

Kveðja, Edda Lára Guðgeirsdóttir
lögg. fótaaðgerðafræðingur

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



PIGGJA KVÖLDA

FÉLAGSVISTIN heldur áfram

fimmtudaginn **13. febrúar kl. 20:00 í**

EKRU. Góð kvöldverðlaun og síðan

HEILDARVERÐLAUN.

1000 KR. INN. EKKI POSI!

Allir velkomnir! Fjölmennið!

Aðalfundur Rauðakrossdeildar Hornafjarðar verður haldinn fimmtudaginn 27. febrúar.

Nánar verður auglýst með stað og stund. Venjuleg aðalfundarstörf. Fjóla Einarsdóttir svæðisfulltrúi Rauðakrossins á Suðurlandi verður með erindi. Hvetjum þá sem vilja starfa með okkur og gerast sjálfbóðaliðar til að mæta á fundinn.



Stjórn Rauðakrossdeildar Hornafjarðar

Aðalfundur Ungmennafélagsins
Sindra verður haldinn
fimmtudaginn 20. febrúar kl. 17.00
í húsakynnum Heklu.



Dagskrá fundarins eru venjuleg aðalfundarstörf. Einnig verða aðalfundir einstakra deilda haldnir á sama tíma.

Allir velunnarar félagsins eru hvattir til þess að mæta og óskað er eftir góðu fólki í stjórnir og nefndir hjá félaginu.

Allir sem hafa áhuga á að taka þátt í starfinu eru hvattir til að senda tölvupóst á sindri@umfsindri.is

Aðalstjórn Sindra



Frumherji

Bifreiðaskoðun á Höfn

17., 18. og 19. febrúar.

Tímappantanir í síma 570-9090

fyrir kl. 16:00 föstudaginn 14. febrúar.

Næsta skoðun 14., 15., og 16. apríl.

Athugið að ekki er skoðað í mars

Frumherji

Þegar vel er skoðað

Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og

ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson

Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes

Umbrot: Tjörvi Óskarsson


Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126



Gólfhitakerfi

Ekkert brot ekkert flot



flooré
GóLFHITI

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdu beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt



Skemmuvegur 10 (blá gata) • 200 Kópavogur

Sími 567 1330 • www.hringas.is



Hringas ehf.

Nýir rekstraraðilar að Hafinu

Arndís Lára Kolbrúnardóttir og Barði Barðason tóku við sem nýir rekstraraðilar að Hafinu núna um áramótin. Arndís flutti til Hafnar árið 2016 og ætlaði bara að vera í 2 ár, ekki leið á löngu þar til Barði elti og hér erum við enn, búin að versla eitt stykki hús, og eigum bar númer tvö. Við opnuðum Cafe Tee sumarið 2018 í hálfgerðu flippi og óvissu, en okkur líkaði



mjög vel og höfðum gaman af, sérstaklega af því að halda allskyns viðburði sem við buðum upp á. Það stóð til að leggja skóna á hilluna eftir síðasta sumar, en svo bauðst okkur tækifæri á að taka við Hafinu og slógum til. Við fórum rólega af stað á meðan við kláruðum að taka þátt í því frábæra þorablóti sem fór fram nú á dögnum, en nú fórum við af stað með krafti. Nú er hægt að koma og spila pool og fljótlega pílu, einnig erum við að sýna íþróttaviðburði af ýmsum toga. Við stefnum að auknum fjölda viðburða, stórra og smærri. Við tökum með glöðu geði við hvers kyns hugmyndum um viðburði, ef einhver er með hugmynd erum við tilbúin til að aðstoða við að framkvæma ef við höfum tök á.

Við viljum opna eins og við getum á tengingu við félagslíf samfélagsins og erum mjög opin fyrir öllum hugmyndum, bæði viðburðum á kvöldin og að degi til, fjölskyldu viðburðum og allt þar á milli.

Einnig er hægt að leigja staðinn fyrir einkaviðburði, veislur, fundi, ráðstefnur eða annað.

Við viljum þakka fyrir viðskiptin og góðu stundirnar á Cafe Tee, sérstakar þakkar til Golfklúbbs Hornafjarðar og meðlimi golfklúbbsins. Við hlökkum til komandi tíma og viðskipta á Hafinu og á sama tíma þökkum við Evu og Bjarna fyrir að starta þessari sníld sem Hafid er!

Heilsueflandi samfélag-Svefn

Svefninn er mikilvæg grunnþörf okkar fyrir góða heilsu eins og næring og hreyfing.

Í nútíma samfélagi sofa margir of lítið og og sumir einungis nokkra klukkutíma á sólahring.

Litill svefn getur haft slæm áhrif ef til lengri tíma er lítið og truflað lífsklukkuna.

Misjafnt er hversu lengi fólki er ráðlagt að sofa en það fer eftir aldri og þurfa börn og unglingar að sofa lengur en fullorðnir

Meðal svefnþörf

| | |
|----------------------------|-------------|
| Ungabörn | 12-18 klst |
| Ung börn til 2 ára | 14-18 klst |
| Leikskólaborð til 5 ára | 11-13 klst |
| Skólaborð til 12 ára | 9-11 klst |
| Unglingar 12-18 ára | 8,5-10 klst |
| Fullorðnir 18 ára og eldri | 7-9 klst |

Ráð til að ná værum svefni:

Sleppa því að drekka kaffi, eða aðra koffindrykki eftir kl 15.00 á daginn

Sofa við opinn glugga í passlega svölu herbergi.

Gera slökunar og eða öndunaræfingar fyrir svefn

Ekki hafa síma, tölvur, sjónvarp eða önnur snjalltæki í svefnherberginu

Gott er að hreyfa sig á hverjum degi en þó er ekki ráðlagt að æfa mikið rétt fyrir svefninn.

Ekki borða þunga máltíð rétt fyrir svefn.

Gott er að hafa reglu á svefntíma og þeim tíma sem við vöknum á morgnana.

Hópur um Heilsueflandi samfélag í Hornafirði.



HEILSUEFLANDI SAMFÉLAG
Sveitarfélagið Hornafjörður

velliðan fyrir alla



Þakkir

Við þökkum auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför föður okkar, tengdaföður, afa og langafa

Gísli Ingimars Bjarnasonar
frá Jaðri í Suðursveit

Sendum starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Skjólgarðs hugheilar þakkar fyrir alúð og góða umönnun síðustu árin.

Fyrir hönd aðstandenda

Þóra Ingimarsdóttir og Gunnhildur Ingimarsdóttir.



Bíó í Nýheimum

Fimmtudagskvöldið 13. febrúar kl. 20:10 munu Menningarmiðstöðin og FAS sýna heimildamyndina *Á skjön. Verk og dagar Magnúsar Pálssonar*

Myndin segir frá ferli myndlistarmannsins og bregður upp bæði gömlum og nýjum svipmyndum af verkum hans, tilurð og undirbúningi.

Magnús vinnur með ýmsa miðla í list sinni og hefur stundum verið kallaður fyrsti þverfaglegi listamaðurinn eða eins og Markús Þór Andrússon sitjandi sýningarstjóri Listasafns Reykjavíkur útskýrir frekar:


“....þar sem myndlistin sprengir sig upp fyrir öðrum listformum. Það voru hann og hans kynslóð sem ruddu brautina, tóku skellinn þegar þau komu með nýja hugsun í íslenska myndlist, í tilfelli Magnúsar var það að hugsa um listina sem ferli, eitthvað línulegt.”

Tilvitnun tekin úr kynningu á Yfirlitssýningu á verkum Magnúsar sem opnuð var um áramótin síðustu.

Það má samt segja að leiklist og tónlist séu Magnúsi alltaf sérstaklega kær og veitir myndin sérílagi góða innsýn í vinnu hans með kórum og sönghópum.

Myndina gerði Steinþór Birgisson og má vera að hann verði á staðnum og geti svarað spurningum eftir sýningu.

Aðgangur er öllum opin og sýnt er í fyrirlestrasal



AÐALFUNDUR

Aðalfundur Sjálfstæðisfélagana í Austur-Skaftafellssýslu verður haldinn í Sjálfstæðishúsinu, Kirkjubraut 3, fimmtudaginn 20. febrúar kl 20:00.

Dagskrá:

- Skýrsla stjórnar
- Reikningar
- Kosningar
- Önnur mál

Stjórnin

D

Hittu í mark

Valdeflandi námskeið fyrir ungt fólk 16-20 ára á Höfn

Frítt námskeið

Skráðu þig strax!

Samfélags-
þátttaka

Samskipti
& tengls

Markmiða-
setning

Takmarkað pláss

Valdeflandi 6 vikna námskeið fyrir ungt fólk í boði Nýheima þekkingarseturs.

Frekari upplýsingar hjá Kristínu í Nýheimum og á vefsíðu Nyheimar.is

- 😊 Markmiðasetning
- 😊 Aðgerðaáætlun
- 😊 Takast á við hindran
- 😊 Jákvæð samskipti
- 😊 Hlusta af virðingu
- 😊 Líkamstjáning
- 😊 Tengslanet
- 😊 Fjölbreytileiki
- 😊 Samfélagsþátttaka

470-8089

kristinvala@nyheimar.is
www.nyheimar.is

Skráning: kristinvala@nyheimar.is